
SMART
100% ull superwash
18
19
17
Stærðir:
6 mán - 3 ára
Teppi stærð c.a 60 x 80 sm.
Mjög auðvelt að prjóna.

geymdar. Byrjið og endið á réttunni með 2 sléttum lykkjum. Búið til síðasta hnappagatið á 4. prjóni, prjónið samtals 7 prjóna og fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum. Leggið kantana á framstykkjunum yfir hvorn annan neðst (hnappagötin ofan á) og saumið niður þar sem 4 lykkjurnar voru felldar af. Saumið tölurnar á. Saumið vasann á vinstra framstykkið, neðsta brún á vasanum í svipaðri hæð og neðsta hnappagatið. Saumið 1 tölu vasann (í gegnum bæði lögin).

## 18 Húfa

**Stærðir:** (1/2 -1) 1 ½ - 2 (3) ára. Byrjið á öðru eyranu og fitjið upp 6 lykkjur á prjóna nr. 3,5. Prjónið munstur eftir teikningunni. Eftir 2 prjóna er aukin í 1 lykkja í hvorri hlið, prjónið 3 prjóna. Aukið áfram í 1 lykkju í hvorri hlið á 2. hverjum prjóni (7) 8 (9) sinnum = (22) 24 (26) lykkjur. Leggið til hliðar og prjónið hitt eyrað á sama hátt. Haldið áfram þannig: Prjónið frá réttunni yfir seinna eyrað - fitjið upp í lokin (10) 8 (10) lykkjur (= miðja af aftan) - prjónið yfir fyrra eyrað = (54) 56 (62) lykkjur. Prjónið til baka á röngunni þannig að lykkjurnar (10) 8 (10) passi inn í munstrið. Prjónið nú (4) 6 (6) prjóna fram og til baka yfir þessar lykkjur, athugið, jafnframt eru fitjaðar upp (3) 2 (2) lykkjur í byrjun hvers prjóns = (66) 68 (74) lykkjur. Prjónið 1 prjón þar sem jafnframt eru fitjaðar upp (14) 16 (14) lykkjur í lok prjónsins (= miðja að framan). Prjónið munstur í hring yfir allar (80) 84 (88) lykkjurnar. Klippið frá og byrjið hverja umferð fyrir miðju að aftan. Prjónið (7) 8 (9) sm upp, endið á heilu munstri. Byrjið úrtöku: * Prjónið (16) 17 (18) lykkjur munstur - 2 saman 2 sinnum (slétt eða brugðin eftir því sem á við munstrið) *. Endurtakið frá * til * alla umferðina = 8 úrtökur. Prjónið 3 umferðir munstur, en yfir úrtökurnar er aðeins prjónuð 1 slétt eða 1 brugðin því nú passar munstrið ekki. Í næstu umferð er tekið aftur úr 2 sinnum yfir fyrri úrtökur þannig að munstrið passar aftur. Prjónið 3 umferðir munstur. Haldið áfram á sama hátt með úrtökurnar í 4. hverri umferð og það verða 2 lykkjum minna á milli úrtakanna í hvert sinn. Þegar (16) 20 (24) lykkjur eru eftir eru prjónaðar 2 og 2 lykkjur saman alla umferðina. Klippið frá og dragið þráðinn í gegnum lykkjurnar. Festið vel.

**Frágangur:** Prjónið 1 vasa eins og á samfestingnum, en 1 sm styttri. Saumið vasann á miðjuna á húfunni. Heklið 1 umferð af fastalykkjum utan um alla húfuna og passið að það herpist ekki við eyrun. Endið með 1 umferð af krabbahekli, sjá útskýringar á bls. 2. Saumið tölu á vasann.

Teikning við uppskrift nr.17 og 18



Tvöfalt perluprjón endurtekið

□ = slétt á réttunni, brugðið á röngunni.

V = brugðið á réttunni, slétt á röngunni.

## 19 Teppi

**Stærð:** U.þ.b. 60 x 80 sm.
Auðvelt er að stækka teppið, munstrið miðast við 15 lykkjur.
**Prjónfesta:**
2 munstur (30 lykkjur) á prjóna nr. 3,5 = u.þ.b. 12 sm á breidd.
**Smart**, fjöldi af dokkum:
Kremað nr. 1002: 10.
**Prjónar:**
Hringprjónn 80 sm nr. 3,5.

Fitjið upp 150 lykkjur á prjóna nr. 3,5 og prjónið 4 sm garðaprjón fram og til baka. Haldið nú áfram með munstur eftir teikningunni og endurtakið það þangað til teppið mælist u.þ.b. 56 sm (það er fallegast að hætta á heilu munstri). Prjónið 4 sm garðaprjón og fellið af frá röngunni með sléttum lykkjum. Pressið létt yfir teppið.

□ = Slétt á réttunni, brugðið á röngunni.

O = sláið upp á.

V = Slétt á röngunni.

◹ = 2 sléttar saman.

◸ = Takið 1 lykkju óprjónaða, 1 slétt, og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir.

Teikning við uppskrift nr.19



Endurtakið.

Kantur. Endið hér.

15 lykkjur, endurteknar.

Kantur. Byrjið hér.



**Prjónað úr Lanett**

## 20 Jakki

| **Mál á jakka:** | (½) | 1 | (2) | 3 | (4) | ára. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirvídd: | (56) | 62 | (69) | 76 | (81) | sm. |
| Sídd | (28) | 32 | (36) | 39 | (42) | sm. |

**Lanett** Fjöldi af dokkum:
Ljósblátt nr. 5930 (3) 4 (5) 6 (7).

**Prjónar:**
50 eða 60 sm hringprjónar nr. 2 og 2,5.
Sokkaprjónar nr. 2 og 2,5.
Tölur: 6-7 stk.
Merkihringir, prjónanælur, þvottamerki fyrir Lanett.

**Prjónfesta:**
31 lykkja og 42 prjónar í sléttu prjóni á prjóna nr. 2,5 = 10 x 10 sm.
Ef of laust er prjónað þarf fínni prjóna.
Ef of fast er prjónað þarf grófari prjóna.

*Framhald á bls. 14*